

EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



Dags eftirlits	21.10.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	Eftirlitsmaður	Ólöf Vilbergsdóttir
Heimili	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	581201-2650	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Ásgrímsson	ÍSAT nr.	15.20.72
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	735718,92 501484,078

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitsferðinni en þremur ábendingum var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Ólöf Vilbergsdóttir.

Loðnuvinnslan er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 17. september 2014 og gildir til 17. september 2030. Heimilt er að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum, sem ætlaðar eru til vinnslu í verksmiðjunni. Einnig er heimil flokkun á fiski og hrognataka og nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu. Rekstraraðila er heimilt að framleiða úr allt að 1.000 tonnum af hráefni á sólahring.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með Magnúsi Ásgrímssyni, verksmiðjustjóra.

Dagskrá fundar var eftirfarandi:

1. Síðustu eftirlitsskýrslur (ábendingar og frávik)
2. Kröfur í starfsleyfi um áætlanir, mælingar, skýrslur, tilkynningar og skráningar rekstraraðila
3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
4. Önnur mál, atvik, óhöpp og kvartanir
5. Mengunaróhöpp og tilkynningar
6. Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
7. Þykktarmælingar á olíu- og lýsisgeymum og þrýstiprófanir á niðurgrofnum olíu- og lýsislögnum skv. reglugerð 884/2017.

1. Síðustu eftirlitsskýrslur

Í síðasta eftirliti voru engin frávik skráð frá starfsleyfi, lögum og reglugerðum en fjórum ábendingum var komið á framfæri. Farið var yfir ábendingar en nánar er gerð grein fyrir skoðun á þeim undir viðeigandi lið hér að neðan.

2. Kröfur í starfsleyfi

Áætlanir: Hreinlætisáætlun fyrir gólf verksmiðjuhús og önnur svæði er til staðar og kvittað er fyrir þrifum. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar er til staðar og aðgengileg eftirlitsaðila. Þar kemur meðal annars fram hvert tilkynna á óhappið og aðgerðir til að koma í veg fyrir frekari mengun. Nýlega var viðbragðsáætlun uppfærð.

Mælingar: TVN gildi og hitastig hráefnis er mælt og skráð reglulega, skráningar eru aðgengilegar og voru skoðaðar. Skv. gr.3.2 í starfsleyfi á að senda eftirlitsaðila niðurstöður mælinga eftir hverja vertíð. Óskað er eftir að framvegis verði mælingar sendar eftirlitsaðila. Í starfsleyfi er krafa um að TVN gildi í hráefni skal ekki fara upp fyrir 100 mg N/100 g og þegar mælingar eru skoðaða sést að þessi krafa er uppfyllt.

Mælingar í frárennsli verksmiðju á að gera árlega. Mælingar voru gerðar í mars sl. við vinnslu á loðnu og öll gildi voru innan losunarmarka í starfsleyfi.

Skýrslur: Grænu bókhaldi vegna ársins 2020 hefur verið skilað sem og yfirlýsingu um magn mengandi efna varðandi útstreymisbókhald.

Tilkynningar: Skv. grein 1.5 í starfsleyfi á rekstraraðili, þegar um ártíðabundna starfsemi er að ræða, að tilkynna eftirlitsaðila hvenær vertíð hefst og hvenær henni líkur. Við eftirlit var farið yfir hvernig starfsemi er háttað yfir árið. Vinnsla ákveðinna fiskitegunda er árstíðabundin en vinnsla er í gangi nánast allt árið. Greint var frá að rekstrarstöðvanir eru yfirleitt mjög stuttar. Farið var yfir að ef fyrirséð er að rekstrarstöðvun vari lengi að tilkynna þá eftirlitsaðila.

Skráningar: Skráningar eiga sér stað eins og krafa er um í starfsleyfi. Skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum í mengunarvarnabúnaði stóð til að setja inn í nýtt kerfi en í ljós kom að það hentaði ekki og hætt hefur verið við það. Skráningar eru í verkbeiðnilistum þar sem fram kemur hvað þarf að gera/laga og hver framkvæmir (deild eða starfsmaður). Framleiðendur sumra véla sjá um viðhald og eftirlit. Rekstraraðili fær skýrslu.

Tæming á fitugildru var staðfest með kvittun frá móttökuaðila. Tæming er ekki sérstaklega skráð.

Rekstraraðili hefur sett sér umhverfisstefnu. Minnt er á mikilvægi þess að starfsmenn séu vel upplýstir um stefnuna.

Kvittun fyrir skil á úrgangsolíu var til staðar, 2250 L voru teknir 15/7 '21.

3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu

Farið var yfir áhættumat frá síðasta eftirliti en út frá því var tíðni eftirlits þessa árs ákveðin, eitt eftirlit á ári. Unnið var að áhættumati þessa árs þar sem tekið var tillit til breytinga. Í lok árs mun Umhverfisstofnun rýna heildrænt niðurstöður áhættumatsins og nota sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar 2022.

4. Önnur mál, atvik, óhöpp og kvartanir

Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar og engin óhöpp hafa verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt.

5. Mengunaróhöpp og tilkynningar

Engin mengunaróhöpp hafa átt sér stað frá síðasta eftirliti.

6. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017

Í 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er fjallað um eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda varðandi eldsneytisgeyma og flutning olíu. Vegna þess var í síðast eftirlit óskað eftir upplýsingum um neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma rekstraraðila. Eyðublað til útfyllingar var skilið eftir en upplýsingar bárust ekki. Í kjölfar eftirlits nú var eyðublað 2021 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma sent í tölvupósti til fulltrúa fyrirtækis og óskað var eftir að upplýsingar væri sendar til eftirlitsaðila. Upplýsingar bárust stuttu seinna.

7. Þykktarmælingar á olíu- og lýsisgeymum og þrýstiprófanir á niðurgröfnum olíu- og lýsislögnum skv. reglugerð 884/2017.

Við síðasta eftirlit var rekstraraðila bent á að gera þrífri þykktarmælingar á olíu- og lýsisgeymum á 10 ára fresti og þrýstiprófa niðurgrafna olíu- og lýsislagnir á 5 ára fresti sbr. gr. 20 í reglugerð 884/2017. Við eftirlit nú var greint frá að lýsisgeymir sé núna tómur og það standi til að þykktarmæla hann og þrýstiprófa lagnir á næstu dögum. Gera þarf einnig þykktarmælingar á hinum geyminum sem eru frá 1995. Minnt er á að skila niðurstöðum mælinga til Umhverfisstofnunar.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Lekavarnarpró umhverfis lýsisgeyma var skoðuð. Skoðað var inn í efnageymslur. Við síðast eftirlit var ábending varðandi efnageymslur því engar lekavarnir voru til staðar ef efni leka niður við óhapp. Búið er að setja lekavörn undir annað ílát í efnageymslu sem er utan á húsinu og verið er að skoða lekavarnir enn frekar. Í efnageymslu inn í verksmiðju eru ýmis efni og þar voru m.a. tvær tunnur með formalíni. Öryggisblöð eru tiltæk í geymslunni en það vantaði öryggisblað fyrir formalín. Þar sem formalín er eitrefni á að geyma það í læstum hirslum eða rými skv. gr. 16 í efnalögum nr. 61/2013. Óskað er eftir að öryggisblað sé skoðað vandlega og haft tiltækt í rými þar sem geymslan er. Athafnarsvæði var mjög snyrtilegt.

Frávík frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í grein 2.24 í starfsleyfi

Öryggisblað fyrir formalín var ekki aðgengilegt í efnageymslu.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðili er minntur á að skila framvegis niðurstöðum mælinga á TVN og hitastigi hráefnis sem tekið er til vinnslu eins og gera á skv. gr. 3.2 í starfsleyfi.
2. Rekstraraðila er bent á að við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka mengunarahættu eins og kostur er. Rekstraraðili þarf að tryggja að efni leki ekki í fráveitu ef óhapp á sér stað.
3. Hafa þarf öryggisblað fyrir formalín tiltekt í efnageymslu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.11.2021



Gottskálk Friðgeirsson

